

Ljósmynd-ir Ken Reynolds

Eitt framlag Norræna hússins er sýning á 65 ljósmyndum eftir Englendinginn Ken Reynolds (f. 1938).

Á unga aldri fékk Reynolds mikinn áhuga á nútíma tónlist. Á því sviði mun hann hafa unnið brautryðjendastarf og kom slíkri tónlist á framfæri með skipulagningu tónleika samfara annarri kynningu. Það var ekki fyrr en árið 1980 að ferill Reynolds hófst fyrir alvöru á sviði ljósmyndunar og munu sýningar hans á Nýja Sjálandi, Finnlandi og í Edinborg vakið umtalsverða athygli.


Svo sem sjá má er hér komið enn eitt dæmi um það, að áhugi á einni listgrein verður til þess að skerpa sýn til annarra listgreina er svo tekur gerandann algerlega fanginn.

Ken Reynolds fæddist í Wales en fluttist á unglingsárum sínum til London. Síðan hefur hann dvalið í Glasgow, Manchester, Theran, Aberdeen en býr nú í Edinborg. Þá hefur hann ferðast um Norðurlönd, Júgóslavíu og víðar með myndavélina í malnum.


Það má einmitt sjá það greinilega á myndum gerandans, að hann er maður víðförlur og einn þeirra er hefur næmt auga fyrir smáatriðunum allt í kring. Uppistaðan á sýningunni í Norræna húsinu er nefnilega undantekningarlaust upplifun smáatriða hvunnagsins, en í þeim eru faldir miklir töfrar fyrir þá er skilja margbreytileikann í hinu smáa ekki síður en í hinu hrikalega. Hið smáa er nefnilega jafnlítið smátt og hið stóra er stórt. Á sama hátt og það er einnig til fegurð í „glissando“ í tónlist ekki síður en í hinu hæstu tónum. Þannig hafa menn ekki til nein algild sannindi um hvað fegurð í rauninni er og það gerir lífið einmitt svo spennandi. Það sem undirrituðum þótti strax mest sláandi, er hann kom inn á sýninguna, var einfaldleiki og tærleiki myndanna ásamt því hve miklum áhrifum gerandinn nær úr knöppu myndefni. Gott dæmi um þetta eru myndirnar er blasa við hægri hönd skoðandans er inn í salinn er gengið, sem eru hverri annarri betri (nr. 58—65). Mætti benda á ótal myndir á sýningunni eru tóku mig fanginn við fyrstu yfirferð, en ég lét mér nægja að bæta við fyrri upptalningu myndum líkt og nr. 1, 25, 28, 30, 33 og 47. Tel ég að í þeim öllum komi fram bestu eiginleikar gerandans, næmni hans fyrir smáatriðum og tærleika.

Á köflum líkjast sumar myndirnar frekar hreinni myndlist en ljósmyndum og er það vegna hárnákvæmrar myndbyggingar og skörpu auga fyrir samræmi og andstæðum á myndfleti. Við þetta bætist ljósnæmt minni filmunnar og ljóðrænn veruleiki, höndlaður úr brotabroti sekúndunnar og ógurstund veruleikans.


— Þetta er sýning sem margir hafa áreiðanlega nautn af að skoða.



Keramik: Kolbrún Björgólfssdóttir.



Fatahönnun: Sigrún Guðmundsdóttir.



Silfur: Jón Snorri Sigurðsson.

Hönnun'82

Myndlist

Valtýr Pétursson

Ein af þremur sýningum, sem Kjarvalsstaðir leggja til Listahátíðar 1982, er sýning listmuna, er nefnist HÖNNUN 82. Þar leiða saman hesta sína framleiðendur og listamenn á mörgum sviðum. Ekki man ég til þess, að slíkur atburður hafi átt sér stað áður í sögu Kjarvalsstaða, en listiðnaðarsýningar hafa verið

þar á ferð áður. Þessu má sannarlega fagna, því að list og framleiðsla á samleið, sem ekki verður rofin. Listin á að verða eðlilegur þáttur í daglegu lífi fólks. Svo eðlilegur, að hún verði vart greind frá notagildi hlutanna í daglegri návist okkar. Líf án listar er dapurlegt og snautt öllu því, er örvar og auðgar tilveru vora.

Ég verð að játa að er ég gekk í salinn, þar sem Hönnun 82 er til húsa, að sýningin kom mér mikil á óvart. Heildarsvipur þessarar

sýningar er óvenjulegur. Hressilegur og ferskur blær leikur þar um hlutina og hvert og eitt einasta verk fær að njóta sín svo rækilega að unun er að. Allur frágangur þessarar sýningar er á þann veg, að sómi er að. Þarna eru farnar nokkuð nýstárlegar leiðir, og það er afar vel valið til sýningarinnar og skapaður heildarblær, sem er í sjálfu sér listaverk. Þarna er einnig mikið af sérlega vel hönnuðum hlutum á flestum sviðum: Leirmunir, fatahönnun, leðurvinna, tauprykk, vefnaður, silfurmunir, lampar og húsgögn.

Margt er þarna til sýnis og það vekur nokkurn fögnuð að sjá, hvar við erum á vegi stöð, hvað hönnun viðvíkur. Það er

ekki ofsögum sagt, að frágangur þessarar sýningar eigi sinn þátt í því að augu manns opnast fyrir því sem hér er á ferð. Sá, er mestan heiður á af þessu fyrirtæki, er ungur arkitekt, sem heitir Guðni Pálsson og fullyrði ég, að hönnuðir og framleiðendur eiga honum mikið upp að inna. En sýnendur á þessari sýningu eru nær 50 talsins, og virðist valinn maður í hverju plássi. Þetta framlag Kjarvalsstaða er til sóma fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Með þeim fáu línun, sem hér eru settar á blað, vonast ég til að örva fólk til að veita þessu fyrirtæki eftirtekt og láta ekki slíka sýningu óseða. Til hamingju með þetta framtak.



Jóna Guðvarðardóttir

Leirlistarfélagið

Í Listmunahúsinu við Lækjargötu stendur nú yfir sýning „Leirlistarfélagsins“, en þetta er í fyrsta sinn, sem þetta unga félag heldur sýningu hér á landi. Flestir meðlimir hafa sýnt áður erlendis, og margir hafa komið hér fram að undanförunu. Sumir þeirra eiga einnig verk á hinni merkilegu sýningu, er nefnist Hönnun '82 og er á Kjarvalsstöðum. Þarna eru bæði eldri og yngri listamenn í leirmunagerð, og sýning þeirra er fjöruk og skemmtileg. Þarna má finna ýmislegt, sem eingöngu hefur listrænt gildi og annað, sem einnig hefur notagildi. Leirmunagerð er forn list og hefur verið stundum af flestum þjóðum, nema ef vera skyldi Íslendingum, en meðal þeirra er hún nýjung. Að vísu var Guðmundur heitinn í Miðdal með leirmunagerð hér á árunum, en ég held hann hafi verið einn um þá listgrein.

Á undanförunum árum hefur áhugi á leirmunagerð vaxið með ólíkindum. Á þessari sýningu í Listmunahúsinu sér hver og einn þann árangur, sem þegar hefur náðst, og hann er ekki litill. Á Norðurlöndum er þessi listgrein

með blóma, og er því ekki langt að seilast eftir tilsógn og innblæstri. Nú veit ég lítið sem ekkert, hvað er að gerast á þessu sviði í fyrrnefndum löndum, en það hljóta að vera nokkur tengsl á milli okkars fólks og frænda okkar. Á hinn bóginn er ég viss

um, að það eru frumlegir og ferskir hlutir á þessari sýningu, og þetta fólk hefur fengið menntun sína víðar en á Norðurlöndum.

Ég ætla mér ekki að tíunda hvern og einn í þessum línun, en það eru ellefu meðlimir í „Leirlistarfélaginu“. Þar að auki er einn gestur á þessari sýningu, Daninn Peter Tybjerg, og sýnir hann merkilega hluti. Kolbrún Björgólfssdóttir sýnir einnig á Hönnun '82, en hér er hún með allt annan svip en á þeirri sýningu. Ég nefni ekki fleiri nöfn að sinni, þar sem ítarleg úttekt var gerð á hverjum listamanni í útvarpi fyrir skömmu. En ég vil segja af heilum hug, að ég gleðst yfir því hver árangur hefur orðið í listsköpun þessa hóps og hver

breidd er í þessum verkum. Þarna eru leirlitir og efni haft í fyrirrúmi, og gefur það eitt tilfelli til að granskóða vinnubrögð þessa fólks. Formkennd er misjöfn og þróunuleg, og það á einnig við um hugmyndafræðina. Í fáum orðum sagt: Fjöl-



Sigrún Guðjónsdóttir

breytt og vönduð sýning, sem er til mikils sóma fyrir þá, er þar eiga verk. Það hefur svo sannarlega rofað til á þessu sviði seinustu árin, og vonandi verður framhald á því. En til þess þurfa Íslendingar að læra að virða og elska þessa fornu og mannlegu listgrein.

Gallerí Lækjartorg

Við Lækjartorg er nýtt og mikið hús, eins og allir kannast við. Á annarri hæð þessa húss er Gallerí Lækjartorg, og þar hefur hver sýning rekið aðra að undanförunu. Það er sannast mála, að ekki hefur sérlega verið vandað til þessarar sýninga í hjarta borgarinnar, og þar hafa margir ungrir menn komið fram með heldur ótímabær verk að dómi okkar eldri manna. Það er engu líkara en þarna sé nokkurs konar leikvöllur fyrir þessa ungu menn, og í flestum tilfellum vantar það, er við á að éta.

Nú er þarna á ferð maður að nafni Björn Skaptason og sýnir hvorki meira né minna en 49

myndir. Ég held, að þær séu allar unnar í þekjulitum eða vatnslitum, en það er ekki gott að átta sig á, hvornig hann túlkar viðfangsefni sín, því vægast sagt er engum venjulegum reglum haldið til streitu. Það er heldur ekki gott að dæma um, hverja hæfileika þessi piltur hefur, því að hann virðist láta kylfu ráða kasti í flestum þeim myndum, sem hann sýnir. Ég er allur af vilja gerður að leita uppi hinar bjartari hliðar á þessum verkum, en ég held að ég verði að gefa það upp á báttinn. Þarna eru sprotar, en hvergi rætur, ef svo mætti að orði kveða. Málið er ofur einfalt; þennan pilt vantar

alla reynslu og þekkingu til að koma saman mynd og úr því verður hann að bæta áður en hann stofnar að nýju til sýningar á hugdarefnum sínum.

Listin er enginn leikur, og því ættu menn að gera sér grein fyrir, ekki hvað síst þegar frábært listafólk er hér í heimsókn á Listahátíð. Fólk, sem hefur lagt allt sitt undir, til að ná árangri, og eytt til þess tugum ára. Ekkert er gripið úr lausu lofti, og allt verður að borga með vinnu og aftur vinnu. Um þá sýningu er nú stendur í Gallerí Lækjartorgi, hef ég því miður ekki meira að segja.